

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. október 2023
Málsnúmer: 202309-0022
SS

Efni: Umsögn um matsáætlun Hallarmúlaleiðar – nýs valkosta Holtavörðuheidarlínu 1.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sent gegnum Skipulagsgátt þann 18. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir viðbótarvalkost í mati á umhverfisáhrifum á Holtavörðuheidarlínu, svokallaða Hallarmúlaleið.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um upphaflega matsáætlun þann 8. júní 2022. Þar taldi stofnunin matsáætlunina fjalla um það helsta sem í matsáætlun þarf að koma fram og að verið væri að leggja mat á rétta umhverfisþætti. Gerðar voru ábendingar m.a. um eftirfarandi atriði:

- Að mikilvægt sé að leggja mat á verndargildi jarðmyndana sem verða fyrir raski á línuleiðinni eða efnistökusvæðum.
- Gera þurfi grein fyrir öllum efnistökusvæðum og gerð þeirra s.s. jarðmyndun og setgerð, og áætla efnisþörf úr hverri námu eins og hægt er.
- Að mikilvægt væri að tíðni athugana væri há þegar metin væru áhrif áflugs fugla á línur.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina fyrir viðbótarvalkostinn og telur að líkt og með upphaflega matsáætlun sé á greinargóðan hátt fjallað um framkvæmdina og helstu umhverfisáhrif sem ber að meta. Stefnt er að því að umhverfismat fyrir flesta umhverfisþætti fari fram á sambærilegan hátt og fyrir hina valkostina og með svipaðri gagnaöflun. Það á við um þá umhverfisþætti sem tengjast fagsviði Náttúrufræðistofnunar svo sem jarðminjar, fuglalíf og gróður. Ábendingar úr fyrri umsögn eiga við hér sömuleiðis. Meðal annars ber að skoða vandlega jarðfræði svæðisins og verndargildi jarðmyndana t.d. í tengslum við Ljósufjallaeldstöðina.

Þess ber að geta að Náttúrufræðistofnun hefur tekið að sér gróðurfarsrannsóknir á Hallarmúlaleið til viðbótar við aðra valkosti og hefur vettvangsvinna farið fram nú þegar. Ekki verða sömu aðilar sem sinna fuglarannsóknum fyrir Hallarmúlaleið eins og fyrir hina valkosti, en sömu aðferðafræði verður beitt. Mikilvægt er að stuðla að samræmi milli ólíka rannsóknaraðila hvað varðar gagnaöflun sem og úrvinnslu og túlkun gagna til að tryggja góðan samanburð á valkostum. Athuganir á áflugi eru ekki síður mikilvægar fyrir þennan valkost þar sem hann liggur um landbúnaðarsvæði og votlendi á láglandi þar sem t.d. gæsaþópar eru tíðir sérstaklega á farti.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

